

Reykjavík 31. mars 2011

Til nefndasviðs alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 139/1914
komudagur 4.4.2011

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Því er fagnað að sett verði sérstök lög um heilbrigðisstarfsmenn. Það er af hinu góða að í frumvarpinu séu ákvæði um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.


Varðandi þriðju grein, um hverjar skulu teljast löggiltar heilbrigðisstéttir, skal tekið fram að ein af þeim starfsstéttum, sem ekki hafa fengið löggildingu sem heilbrigðisstétt, eru heilbrigðisritarar. Er þar um að ræða skilgreinda fagstétt sem starfar innan heilbrigðiskerfisins.

Heilbrigðisritari er andlit hvarrar stofnunar, fyrsti aðili sem sjúklingar/aðstandendur mæta eða heyra í símleiðis. Heilbrigðisritari er í nánu sambandi við sjúklinga og aðstandendur í daglegum störfum sínum. Heilbrigðisritarar taka daglega á móti sjúklingum, sem leita til sjúkrahúsa og heilsugæslu og skrá niður upplýsingar um þá.

Heilbrigðisritarar hafa í mörg ár farið fram á að fá löggildingu á starfi sínu en ekki fengið svör sem skyldi. Ég ítreka hér með að það er nauðsynlegt að þessi starfsstétt fái löggildingu og viðurkenningu frá hinu opinbera, enda er það í samræmi við 1. gr. laganna þar sem segir: „Markmið laga þessara er að tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og öryggi sjúklinga með því að skilgreina kröfur um kunnáttu og færni heilbrigðisstarfsmanna og starfshætti þeirra.“

Afrit:
Ráðherra heilbrigðismála, Guðbjartur Hannesson.
Heilbrigðisnefnd Alþingis, Púriður Backman

Virðingarfyllst,


Guðríður Guðbjartsdóttir
formaður Félags heilbrigðisritara
Selvaði 1, 110 Reykjavík